

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15.febrúar, 2013


Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 641- 499 mál. Frumarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga vinnur að velferðar og forvarnarmálum ásamt fræðslu um hjartasjúkdóma og voru stofnuð þann 8.október 1983. Samtökin hafa í starfi sínu lagt mikla áherslu á kynningu á hjartasjúkdómnum, forvarnir, lækningu og endurhæfingu. Hjartaheill hefur gefið út mikið kynningarefni vegna alls þessa til áratuga. Í því sambandi má m.a.t.d. benda á bæklinginn „Hjartasjúkdómar, varnir – lækning – endurhæfing“. Í honum er í stuttu máli fjallað um áhættuþætti æðakölkunar, helstu hjartasjúkdóma, einkenni þeirra, algengar rannsóknir og meðferð. Þá er lögð áhersla á þá möguleika sem felast í hjartaendurhæfingu. Hjartaheill hafa oft á ferli sínum lagt lið málefnum sem horfi hafa til framfara til að draga úr líkum á hjartasjúkdómum og lækka tíðni þeirra.

Rannsóknir sýna að neysla á tóbaki í hvaða formi sem er eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum.

Því fagnar Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga fyrirbyggjandi frumvarpi þar sem um setningu laga að binda í lög hömlur á frekari markaðsetningu og vöruþróun reyklauss tóbaks.

Virðingarfyllt


Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður Hjartaheilla.